

# Könnun á vegum tannheilsudeildar HTR

HELGA ÁGÚSTSDÓTTIR, TANNLÆKNIR

JÓHANNA LAUFY ÓLAFSDÓTTIR, TANNFRÆÐINGUR

## Inngangur

Tannheilsudeild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hefur staðið fyrir tannfræðslu í grunnskólum frá því árið 1988. Tannfræðslan hefur farið fram með þeim hætti að tannfræðingar kynna fræðsluefni í grunnskólum. eru það að jafnaði sömu tannfræðingar sem sinna tilteknum svæðum ár eftir ár. Öll skipulagning og hönnun á fjölbreyttu kennsluefni fyrir ólíka aldurshópa hefur farið fram hjá tannheilsudeild HTR. Með því hefur verið tryggt að öll fræðsla er sambærileg.

Stefnt hefur verið að því að hvert barn fengi að jafnaði tannfræðslu annað hvert ár. Helstu þættir í þessari fræðslu eru; form og uppbygging tanna, hlutverk tanna, tannskiptin, tannskemmdir, glerungseyðing, tannholdsbólga, góðar og slæmar matarvenjur, munnhirða og heilbrigðar tennur.

Á vorönn 2002 var ákveðið að gera kannanir samhliða tannfræðslu tannfræðinga í grunnskólum. Markmið þeirra var að skoða ýmsar daglegar venjur hjá börnunum er varða tannvernd og jafnframt þekkingu þeirra á því efni sem gert var skil í tannfræðslunni. Annað markmið var að auka áhuga og athygli nemenda á efninu sem kynnt var. Þrenns konar spurningablöð voru gerð fyrir mismunandi aldurshópa. Yngstu börnin (6-8 ára) svöruðu með handa-uppréttingu, en eldri börnin merktu við á svarblöð.

## Efniviður og aðferðir

Könnunin var framkvæmd meðal barna í Eyjafjarðarsýslu utan Akureyrar, á Siglufirði og í Vestmannaeyjum. Hér verða einungis kynntar niðurstöður úr þeim hluta sem lagður var fyrir elstu börnin (7. – 10. bekkur). Lagðar voru fyrir þau 10 spurningar með þremur til fimm svarmöguleikum en einungis átti að merkja við einn möguleika. Fyrst svöruðu börnin spurningum 1 - 5 þar sem spurt var um daglegar venjur er varða tannvernd barnanna. Þá voru þau beðin um að hvolfa spurningablaðinu og hlusta á tannfræðsluerindi. Eftir það voru þau beðin um að svara spurningum 6 - 10 þar sem spurt var úr því efni sem gert hafði verið skil í tímanum.

Unnið var úr gögnum með Excel og SPSS 10.0 hugbúnaði.

## Spurningablað:

Könnun vegna tannfræðslu í grunnskólum

### Skóli:

Fæðingarár:  stelpa  strákur

### Krossaðu við rétta svarið

#### 1. Hve oft burstar þú tennurnar þínar?

- Oft á dag, eftir hverja máltíð
- Tvisvar á dag
- Einu sinni á dag
- Sjaldnar
- Aldrei

#### 2. Notar þú tannþráð?

- Alltaf, reglulega
- Stundum, af og til
- Mjög sjaldan
- Aldrei

#### 3. Notar þú munnskol heima?

- Alltaf, reglulega
- Stundum, af og til
- Mjög sjaldan
- Aldrei

#### 4. Hve oft borðar þú sælgæti í viku?

- Oft, á hverjum degi
- 2-3 sinnum í viku
- Einu sinni í viku
- Sjaldnar
- Aldrei

#### 5. Hve oft drekkur þú gosdrykki í viku?

- Oft, á hverjum degi
- 2-3 sinnum í viku
- Einu sinni í viku
- Sjaldnar
- Aldrei

6. Hvað er tannskýkla?

- Tannskýkla er bakteríuskán á tönnunum.
- Tannskýkla ver tennurnar fyrir tannskemmdum.
- Tannskýkla er notuð með flúorskoli

7. Þegar við veljum okkur tannbursta er best að hafa hann:

- með mjúkum hárum.
- með hörðum hárum

8. Ef blæðir úr tannholdinu við tannburstun

- þá er tannholdið heilbrigt.
- þá er tannholdið bólgið.
- eigum við að hætta að bursta

9. Af hverju er gagnlegt að flúorskola tennurnar reglulega?

- Flúor hjálpar okkur að halda tönnunum heilum og óskemmdum.
- Flúor fyllir upp í stórar skemmdir.
- Flúor þrífur tennurnar, þá þarf ekki að bursta þær.
- Flúor gerir tennurnar hvítari.

10. Hvað er það sem getur valdið glerungseyðingu tannanna?


- Þegar við drekkum mikið af súrum og sætum drykkjum.
- Þegar við burstum tennurnar reglulega.
- Þegar við notum tannþráð.

Niðurstöður

Alls svöruðu 750 börn í 7. til 10. bekk könnuninni, þar af voru 53% stúlkur. Svör við spurningum 1-5 sjást á myndum 1-5.


Flest barnanna sögðust bursta tennur sínar a.m.k. einu sinni á dag, aðeins 5% sögðust bursta tennurnar sínar sjaldnar. Tiltölulega fá börn sögðust nota tannþráð reglu-

Notar þú tannþráð?




Spurning 2.

Notar þú munnskol heima?




Spurning 3.

Hve oft burstar þú tennurnar?




Spurning 1.

Hve oft borðar þú sælgæti í viku?



Spurning 4.

### Hve oft drekkur þú gosdrykki viku?




#### Spurning 5.

lega, eða aðeins 7%. Sama hlutfall (7%) sagðist nota munnskol heima hjá sér reglulega. Tveir þriðju hluti barnanna sögðust borða sælgæti og drekka gosdrykki oftar en einu sinni í viku (sp. 4-5).

Þegar kom að svörum sem vörðuðu fræðslufnið sem farið var í gegnum (sp. 5-10) voru langflest barnanna með rétt svör (94-96% rétt svör).

### Neysla sykurs(kg) og gosdrykkja(l) á hvern íbúa árin 1957-2000



Heimild: Þjóðhagsstofnun

### Umræður

Þessi könnun meðal 750 barna í 7. -10. bekk grunnskóla í Eyjafjarðarsýslu utan Akureyrar, á Siglufirði og í Vestmannaeyjum sýnir að tíðni sælgætis- og gosdrykkjaneyslu þar er meiri en æskilegt getur talist vegna tannverndar- og manndissjónarmiða. Jafnframt er hópur barna (6%) sem segist bursta tennur sínar sjaldnar en einu sinni á dag og tannþráður er almennt ekki notaður reglulega. Vitað er að tíðni sykurneyslu helst í hendur við tannátutíðni á snertiflötum tanna (1) og því er slæmt ef tannhirða meðal ungmenna sem neyta oft sykurs er ekki góð. Neysla sykurs og gosdrykkja á Íslandi er mikil (mynd 6, upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun) og hefur neysla gosdrykkja aukist mikið síðastliðna áratugi.

Deila má um notagildi kannana af þessu tagi. Hugsanlegt er að þeir sem svara viti fyrirfram hverju „á að svara“, þ.e. miðað við þær upplýsingar sem eru á kreiki í þjóðfélaginu. Líklegt er að börnin svari frekar því sem foreldrar og kennarar hafa yfir þeim, en hins vegar var lögð á það mikil áhersla áður en könnunin var lögð fyrir að svörin væru ekki persónutengd og að börnin ættu að svara samkvæmt bestu samvisku. Við teljum að það hafi þau gert í þessu tilviki því sjá má af niðurstöðum að flest börn á aldrinum 12-15 ára neyta sælgætis og gosdrykkja oftar en einu sinni í viku. Niðurstöður seinni hluta könnunarinnar sem fjallaði um námsefnið sýndi að langflestir nemendur sýndu efninu áhuga og vissu rétt svör. Auðvitað má einnig deila um efni spurninganna og það hvort svörin hafi verið „of létt“, en tilgangur þeirra var fyrst og fremst að skerpa á athygli nemendanna og því markmiði teljum við að hafi verið náð.

Sérstakar þakkir fær Daði Einarsson fyrir hjálp við úrvinnslu gagna og Margrét S. Þórisdóttir og Katrín Ólafsdóttir, tannfræðingar.

### Heimildir

ÁRNADOTTIR IB, ROZIER RG, SÆMUNDSSON SR, SIGURJÓNS H, HOLBROOK WP. Approximal caries and sugar consumption in Icelandic teenagers. *Community Dent Oral Epidemiol* 1998; 26:115-21.